



Háskóli Íslands

# Innra mat leikskóla

Samstarfsverkefni Háskóla Íslands og leikskóla  
Austurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar 2022 - 2023

Anna Magnea Hreinsdóttir - HI  
19. maí 2023

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>2</b>
<b>Um innra mat leikskóla.....</b>	<b>3</b>
<b>Framkvæmd verkefnisins.....</b>	<b>5</b>
<b>Skilgreindir verkþættir.....</b>	<b>7</b>
<b>Mat á verkefninu.....</b>	<b>9</b>
<b>Hvað tek ég með mér.....</b>	<b>12</b>
<b>Hvaða vangaveltur brenna á mér?.....</b>	<b>13</b>
<b>Hvað hefði ég viljað vita meira um?.....</b>	<b>13</b>
<b>Ráðstöfun styrks .....</b>	<b>13</b>
<b>Kynning á verkefni.....</b>	<b>13</b>
<b>Heimildir .....</b>	<b>14</b>

## Inngangur

Hér verður fjallað um samstarfsverkefni 22 leikskóla Reykjavíkurborgar sem heyra undir Austurmiðstöð við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að mynda lærdómssamfélag leikskólastjórnenda leikskólanna með það fyrir augum að fræða og styrkja þá í að innleiða reglulegt, kerfisbundið innra mat á leikskólastarfi með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Tilgangurinn var að skapa vettvang fyrir samtal um matsteymi, matsáætlanir, matsþætti, matsviðmið, matsaðferðir, þátttakendur í mati, framkvæmd mats, framsetningu matsniðurstaðna, gerð umbótaáætlana og eftirfylgd með þeim. Stjórnendur leikskólanna hafa unnið að gerð innra mats sem er gagnlegt að deila með öðrum stjórnendum, skiptast á skoðunum og ígrunda hvernig staðið er að innra mati í leikskólunum. Skipulagður voru sex mánaðarlegir tveggja tíma fundir með leikskólastjórum og aðstoðarleikskólastjórum þar sem fram fór fræðsla og umræða um skilgreinda verkþætti. Á milli funda unnu þátttakendur verkefni með samstarfsfólki sem öll miðuðu að því að móta kerfisbundið innra mat hvers leikskóla. Skilgreindir voru verkþættir sem leiddu verkefnið með áherslu á ákveðna afmarkaða þætti innra mats með það fyrir augum að innra mat verði samþætt öðru starfi leikskólans.

Niðurstöður verkefnisins munu vonandi nýtast leikskólakennurum sem liður í undirbúningi og skipulagi skólastarfs. Afrakstur verkefnisins var í fyrsta lagi sameiginlegur skilningu skólastjórnenda, leikskólakennara og annars starfsfólks á framkvæmd innra mats og hvernig það er samþætt öðru starfi leikskólans og að viðmið fyrir gæðum skólastarfsins byggji á sameiginlegri sýn og séu mælanleg. Í öðru lagi að mynda matsteymi í hverjum leikskóla og skipuleggja innra mat með áætlanagerð til lengri og skemmri tíma. Gagnabanki var gerður með matsaðferðum sem falla vel að leikskólastarfi og lýðræðislegri þátttöku starfsfólks, barna og foreldra og þá með sérstaka áherslu á matsaðferðir sem henta ungum börnum. Í þriðja lagi voru vonir bundnar við markvissari og kerfisbundnari starfshætti varðandi skipulag, framkvæmd og innra mati leikskólanna sem tekur mið af áherslum og sérstöðu hvers skóla. Þessu var komið á með fræðslu, umræðum og ígrundun um tengsl skipulags, framkvæmdar og mats á starfi í anda lærdómssamfélagsins.

## Um innra mat leikskóla

Hver leikskóli á að meta árangur og gæði starfsins reglulega með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra og birta niðurstöður matsins opinberlega ásamt áætlun um umbætur (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Lög um leikskóla nr. 90/2008; Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. 893/2009). Sjálfsmati skóla er ætlað að leggja faglegan grundvöll að skólastarfi, styðja við skólaþróun og sýna með gögnum hvernig gæðaviðmiðum er náð. Við framkvæmd og þróun innra mats er mikilvægt að sníða gagnaöflunina að starfsumhverfi leikskólans og þeim starfsháttum sem þar eru lagðir til grundvallar. Það eykur á gildi matsins að byggja á fjölbreyttum matsaðferðum og að sjónarhorn starfsfólks, foreldra og ekki síst barna komi fram.

Samkvæmt leiðbeiningum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um innra mat leikskóla (2016) er mikilvægt að sjálfsmat sé greinandi og dragi fram sterkar og veikar hliðar allra þátta skólastarfsins. Innra mat byggir á kerfisbundinni gagnaöflun sem felst í því að gæta þess að þær matsspurningar sem varpað er fram svari því sem leitað er og hvort þær aðferðir sem notaðar eru falli að þeirri starfsemi sem verið er að meta, stefnu skólans og starfsaðferðum. Þeir sem framkvæma innra mat í leikskólum þurfa að hafa einhverja reynslu og þekkingu við hæfi til að framkvæma mat. Því er mikilvægt að stjórnendur og starfsmenn fái fræðslu og leiðsögn um þau atriði sem þetta verkefni tekur til. Það þarf að sjá til þess að mat sé gert af heiðarleika og að þeir sem skipuleggja matið gæti þess að starfsmenn, börn og foreldrar hafi aðkomu að einstökum matsþáttum og lýsi heiðarlega framkvæmd mats, gagnaöflun og niðurstöðum. Að auki þurfa allir sem koma að innra mati að bera virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og hagsmunum (AEA, 2004).

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) á mat á starfi leikskóla að taka mið af þeim markmiðum og gildum sem fram koma í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers leikskóla sem fram kemur í skólanámskrá. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu, auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans og vera liður í foreldrasamvinnu. Að þessu verður unnið í verkefninu og skólastjórnendur hvattir til að móta verkferil um innra mat sem tekur mið af stefnu skólans og starfsaðferðum. Til þess þurfa þeir ráðgjöf og stuðning sem áætlað er að veita þeim.

Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu stuðlar að auknum gæðum í starfinu. Þar eru leikskólakennarar, annað starfsfólk, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir. Þessir aðilar þurfa að fá tækifæri til að velta fyrir sér leikskólastarfinu og ræða sín á milli á jafnréttisgrundvelli (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009).

Skólastjórnendur fá fræðslu um heppilegar aðferðir til að efla þátttöku barna, starfsfólks og foreldra í innra mati svo að skólastarfið geti þróast í þá átt sem hagsmunaaðilar starfsins telja það eigi að gera.

Hver leikskóli mótar viðmið fyrir sína starfsemi, setur þau fram í skólanámsskrá og þróar matsaðferðir sem henta starfsháttum skólans. Mikilvægt er að fara mismunandi leiðir við gagnaöflun og styðjast við fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barna (Anna Magnea Hreinsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2012). Skólastjórnendur fá tækifæri og vettvang til að deila gagnaöflunar aðferðum og kynnast nýjum aðferðum.

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats og eiga að taka ábyrgð á afmörkuðum þáttum þess. Leikskólastjóri ber hins vegar ábyrgð á framkvæmd innra mats í leikskólanum og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess. Til þess að hagsmunaaðilar starfsins „eigni“ sér og taki þátt í umbótunum þurfa niðurstöður mats að vera vel kynntar, rætt um þær og áætlun gerð um starfsþróun og eftirfylgd. Lögð verður áhersla á það í þessu verkefni. Ofan talin verkefni og starfsþróun falla ekki beinlínis undir daglegt starf og því var talið nauðsynlegt að skapa vettvang fyrir skólastjórnendur til að hittast, fræðast, ræða og ígrunda í anda lærdómssamfélagsins. Það var gert í þessu verkefni.





## Framkvæmd verkefnisins

Sex mánaðarlegir tveggja tíma fundir voru skipulagðir með stjórnendum þar sem fram fór fræðsla og umræða um skilgreinda verkþætti. Á milli funda unnu stjórnendur verkefni með samstarfsfólki sem öll miðuðu að því að móta kerfisbundið innra mat hvers leikskóla. Um fræðsluna sá Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Elín Friðriksdóttir og Kristín Gísladóttir frá leikskólanum Uglukletti, Borgarnesi og Júlíana Tyrfingsdóttir frá leikskólanum Jötunheimum, Selfossi. Fundirnir voru haldnir í húsnæði Hjálpræðishersins á eftirfarandi tímum:

19. september kl. 8:30 – 10:30

- Kynning á þróunarverkefninu og umræður.
- Gæði í leikskólastarfi. Hvernig eru gæði leikskólastarfs skilgreind og metin?
- Gerð matsáætlana og stofnun matsteyma.

24. október kl. 8:30-10:30

- Matsviðmið og tengsl þeirra við skólanámskrá.
- Gerð matsviðmiða sem taka mið af stefnu og starfsaðferðum hvers leikskóla.

21. nóvember kl. 8:30-10:30

- Þátttakendur í mati – starfsfólk, foreldrar og börn.
- Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu.

17. febrúar kl. 8:30-10:30

- Matsaðferðir og framkvæmd. Fjölbreyttar leiðir kynntar við gagnaöflun sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barna.
- Kynntar verða ýmsar gagnaöflunarleiðir og áhersla lögð á aðferðir sérstakleg sniðnar að börnum og þátttöku þeirra í mati á starfi leikskólans. Leikskólastjórar munu deila reynslu sinni af framkvæmd og gagnaöflun og ígrunda.

13. mars kl. 8:30-10:30


- Framsetning matsniðurstaðna, kynning og umræða.
- Gerð umbótaáætlunar og eftirfylgd. Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í innra mati og er hægt að samþætta umbótaáætlun starfsáætlun skólans.
- Farið yfir helstu þætti í breytingastjórnun og innleiðingu umbóta.

17. apríl kl. 8:30-10:30

- Matsaðferðir með börnum.
- Kynning á niðurstöðum verkefnisins.

## Skilgreindir verkþættir

Sex verkþættir voru skilgreindir út frá ferli innra mats leikskóla (sjá mynd 1). Helstu skrefin í ferlinu eru í fyrsta lagi skipulagning matsins með matsáætlun og matsteymi. Því næst eru þátttakendur valdir og mats. Þegar gögnin liggja fyrir eru þau greind, mat lagt á niðurstöður og þær teknar saman. Að lokum er umbótaáætlun gerð og henni fylgt eftir.



**Mynd 1. Ferli innra mats**

### ***Matsáætlanir***

Stjórnendur unnu að gerð matsáætlana til eins árs og til fimm ára sem falla vel að starfsemi hvers leikskóla og samþættir innra mat öðru starfi leikskólans. Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í innra mati og er hægt að samþætta matsáætlun starfsáætlun skólans. Umræða og ígrundun fór fram um markmið skólastarfsins, tímaáætlun, skipulag og leiðir og hvernig best er að meta árangur afmarkaðra þátta.

### ***Matsviðmið***

Unnið var að gerð matsviðmiða í hverjum leikskóla sem taka mið af stefnu og starfsaðferðum skólans. Umræða og ígrundun var innan hvers leikskóla um hvað teljast gæði í ljósi markmiða laga um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla, skólastefnu sveitarfélags og skólanámskrá viðkomandi leikskóla. Settu þátttakendur fram hugmyndir að matsviðmiðum á [Padlet vegg](#).



### ***Þátttakendur í mati***

Áætlun var gerð um hverjir taki þátt í að meta afmarkaða þætti starfsins. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Þar eru leikskólakennarar, annað starfsfólk, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir. Þessir aðilar þurfa að fá tækifæri til að velta fyrir sér leikskólastarfinu og ræða sín á milli á jafnréttisgrundvelli.

### ***Matsaðferðir og framkvæmd***

Mikilvægt er að fara mismunandi leiðir við gagnaöflun og styðjast við fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barna. Kynntar voru ýmsar gagnaöflunarleiðir og áhersla lögð á aðferðir sérstakleg sniðnar að börnum og þátttöku þeirra í mati á starfi leikskólans. Leikskólastjórar deildu reynslu sinni af framkvæmd og gagnaöflun.

### ***Framsetning matsniðurstæðna, kynning og umræða***

Niðurstöður innra mats á leikskólastarfinu þarf að ræða innan starfsmannahópsins og vinna aða starfsþróun. Það krefst samtals og ígrundunar í anda lærdómssamfélagsins en lögð var áhersla á að niðurstöður séu aðgengilegar hagsmunaaðilum og að þeir eigi hlutdeild í þeim umbótum sem ákveðið er að standa að.

### ***Gerð umbótaáætlunar og eftirfylgd***

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í innra mati og er hægt að samþætta umbótaáætlun starfsáætlun skólans. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Starfsemi síðasta skólaárs er metin við gerð hennar og þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta. Er umbótaáætlun liður í því að starf leikskólans sé í stöðugri þróun og fylgi straumum og stefnum á hverjum tíma.

## Mat á verkefninu

Í lok verkefnisins var könnun send til stjórnenda allra leikskólanna sem tóku þátt og bárust 35 svör, þar af frá 20 leikskólastjórum og 15 aðstoðarleikskólastjórum. Könnunin samanstóð af 24 spurningum, þar af voru átta lokaðar já og nei spurningar, en aðrar opnar þar sem svarendur gátu sagt frá framkvæmd innra matsins í leikskólanum. Hér eru niðurstöður könnunarinnar settar fram eftir þeim þáttum sem unnið var að í verkefninu.

### Gæðaviðmið

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Nánari viðmið um innra mat eru sett í aðalnámskrá leikskóla. Því lá beinast við hjá stjórnendum að sækja matsviðmið í lög um leikskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, barnaverndarlög, aðalnámskrá leikskóla, skólafélagssveitafélagsins og ekki síst í skólanámskrá hvers leikskóla. Starfsáætlun SFS og sérkennslustefna leikskóla var einnig nefnd. Flestir þátttakendur svöruðu því að gæðaviðmið í innra mati væru sótt í skólanámskrá leikskólans. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólafélagssveitarfélags. Hún tengist starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skólalagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Handbækur og verklagsreglur sem gefin hafa verið út af SFS fyrir leikskóla borgarinnar komu að góðum notum svo og Viðmið og vísbindingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2014). Einnig er horft til viðmiða í ytra mati Menntamálastofnunar.

### Matsteymi

Matsteymi var starfandi í 21 leikskólum sem svöruðu könnuninni. Í því sátu oftast leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar. Niðurstöður könnunarinnar sýna að erfitt reyndist að fá fulltrúa fyrir foreldra til að sitja í matsteymum. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat, þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu, stuðla að auknum gæðum í starfinu. Þar eru leikskólakennarar, annað starfsfólk, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir. Þessir aðilar þurfa að fá tækifæri til að velta fyrir sér leikskólastarfinu og ræða sín á milli á jafnréttisgrundvelli. Því þurfa stjórnendur leikskóla að leggja sig fram um að fá fulltrúa foreldra til að sitja í matsteymi leikskólans.

### Matsáætlun

Virkt innra mat skal vera samofið annarri starfsemi leikskóla og skapa forsendur fyrir markvissri skoðun á árangri, leiðum að markmiðum og aukinni ábyrgð leikskóla á eigin starfi. Lögð er áhersla á

kerfisbundið og markvisst innra mat leikskóla og er gerð matsáætlana til lengri og skemmri tíma ein leið til þess. 12 þeirra sem svöruðu könnuninni voru búnir að gera matsáætlun til eins árs. 11 stjórnendur höfðu gert áætlun til lengri tíma. Leggja þarf áherslu á að hver leikskóli leggi með kerfisbundnu innra mati mat á árangur og gæði skólstarfs jafnt og þétt yfir skólaárið og festi í áætlun hvernig staðið verði að því.

### **Þátttakendur í mati**

Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, börn og foreldraráð taka þátt í því eftir því sem við á. 13 þeirra stjórnenda sem svöruðu könnuninni töldu foreldra taka þátt í innra mati leikskólans. Það gera þeir með því að fylla út spurningakannanir, í foreldraráði með yfirlestri á útgefnu efni er varðar starfsemina og í foreldraviðtölum. Einnig eru dæmi um að foreldrar sitji í nefndum á vegum leikskólans. Jafnframt koma foreldrar með ábendingar í daglegum samskiptum og tölvusamskiptum og taka stjórnendur oft umræðuna með þeim. Að auki koma foreldrar að umsögn um starfsáætlun leikskólanna. Einn leikskólastjóri sagði: „Ekki komin reynsla, en foreldri sem kom inn í matsteymi út frá þessu þróunarverkefni er búin að koma og hitta okkur einu sinni og fá svona smá innsýn út á hvað mat á starfi leikskólans gengur“.

Svöruðu 20 stjórnendur því að starfsfólk tæki virkan þátt í innra mati. Dæmi voru um rýnihópa um einstök mál, áhorf og skráningar. Deildarfundir, starfsmannafundir og skipulagsdagar voru að hluta til nýttir í mati á starfinu. Í einum leikskóla fær allt starfsfólk blað með stjörnum og laufblöðum, þar sem tveir þættir eru skráðir sem það er mjög ánægt með og tveir þættir sem þurfa að fara í umbætur. Í einum leikskólanum var starfsfólki skipt í umræðuhópa á skipulagsdegi tvisvar á ári. Hóparnir skrá niður hluti sem tengjast hvað við erum að gera vel og hvað mætti bæta. Svörin tekin saman og tilkynnt og unnið að umbótum, rætt á deildarfundum og deildastjórafundum. Jafnframt fór fram mat á viðburðum, daglegum störfum, árstíðunum, verkefnum og því sem er á stundaskrá leikskólans. Starfsfólk metur einnig starfið frá degi til dags og koma með athugasemdir og hugmyndir um hvernig er hægt að bæta starfið. „Það svarar spurningum um þá þætti sem verið er að meta hverju sinni og sjá að á það er hlustað“ sagði einn leikskólastjóri.

17 stjórnendur svöruðu því að börnin taki þátt í innra mati. Meðal annars var börnum skipt niður í hópa og rætt við þau hvað þeim langar að gera, hvaða þema er unnið að og hvort þau vilja breyta einhverju á deildinni. „Þegar við kaupum inn þá koma þau með hugmyndir hvað þeim finnst vanta inn á leikskólann“ sagði einn stjórnandi. Einnig fundar matráður einu sinni í mánuði með þeim börnum sem eiga afmæli og kjósa um hvaða afmælistmat þau vilja. Annar stjórnandi sagði að börnin væru

spurð um ýmislegt í innra starfi leikskólans og svör þeirra skráð. Hann sagði: „Nú fengum við nýjar hugmyndir hvernig er hægt að gera matið betra og langar að þróa þær hugmyndir. s.s. að taka myndir og nota meira sjónrænt mat“. Að auki voru barnafundir nefndir og umræður í daglegu starfi.

### **Kynning á niðurstöðum innra mats**

Yfirleitt voru niðurstöður kynntar fyrir foreldrum með tölvupósti um að niðurstöður innra mats séu komnar á heimasíðu skólans. Niðurstöður innra mats koma fram í starfsáætlunum leikskólanna og eru kynntar á haustfundi með foreldrum, í fréttabréfum og í foreldraviðtölum. Allt starfsfólk fær tækifæri til að lesa niðurstöður og svo eru þær kynntar og ræddar á starfsmannafundum, stjórnendafundum, deildarfundum og á skipulagsdögum. Börnunum er sagt frá þeim umbótum sem farið er í eftir þeirra mat á afmörkuðum þáttum. Það er gert í umræðum í samverustundum, á sérstökum barnafundum og barnaþingum.

### **Umbætur**

20 stjórnendur sögðust gera umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna innra mats. Starfsfólk setur sér markmið og áætlun í starfsáætlun og ef einhverjir þættir þarfnast umbóta fara þeir aftur í matsáætlun fyrir næsta ár. Umbætur eru því yfirleitt settar í starfsáætlun og teknar reglulega upp á deildarfundum, stjórnendafundum og starfsmannafundum. Leikskólastjóri eða aðrir stjórnendur bera ábyrgð á að umbótum sé fylgt eftir. Einn stjórnandi orðaði ferlið á þennan hátt: „Laufblöð (sem má betur fara) eru tekin saman og endurmetið hvernig við getum lagað hlutina bæði á starfsmannafundum og svo deildarstjórafundum“.

Deildarfundir, stjórnendafundir og starfsmannafundir voru nýttir til að fara yfir hvernig umbætur ganga og í einum leikskóla sá verkefnastjóri um að útbúa og fylgja eftir umbótaáætlun. Dæmi voru einnig um að teymi væri sett ábyrgt fyrir að fylgja umbótum eftir. Jafnframt var dæmi um að umbótum var fylgt eftir með fræðslu og sagði stjórnandi: „Þá fáum við fyrirlestur um viðfangsefnið á skipulagsdegi. Einnig höfum við sent kannanir á foreldra og starfsfólk til að fá þeirra álit á umbótum varðandi ákveðin viðfangsefni“.

### Hvað tek ég með mér

Það sem stjórnendur tóku helst með sér úr verkefninu var mikilvægi þess að hafa fleiri en bara fagfólk í matsteymi og þar á meðal foreldra. Því hafði matsteymið tekið breytingum í einhverjum leikskólum. Stjórnendur töldu sig hafa áttað sig betur á mikilvægi innra mats og „frábært að fá svona mikið af góðum hugmyndum“ eins og einn stjórnandi sagði. „Einnig gaman að sjá hvað vel hefur tekist til hjá öðrum leikskólum sem hafa tileinkað sér þróunarverkefnið“. Þátttakendum fannst verkefnið hafa verið góður vettvangur „til að sjá hvað við erum búin að gera margt og getum alltaf bætt við okkur með því að fá góðar hugmyndir frá öðrum“.

Þeim fannst þeir hafa fengið betri sýn á matsaðferðir, bætt skipulag matsins, fengið nýjar hugmyndir að framkvæmd og eins mælingu á árangri, s.s. prósentu. Jafnframt að gera niðurstöður matsins auðskiljanlegri fyrir alla og kynnast „skemmtilegri aðferðir við að láta börn meta“ eins og stjórnandi sagði.

Fram kom í svörum stjórnenda að þeim fannst reglulegt innra mat á starfinu gríðarlega stór þáttur í starfi leikskóla þar sem starfið er sífellt að breytast. Verkefnið hafði því ýtt við þátttakendum til að meta oft og hugmyndir um hvernig það væri hægt að samþætta matið reglulegu starfi leikskólans. Matsteymi voru sett í gang og fundir haldnir reglulega. Fræðslan var áhugaverð og gaman að fá aðra leikskóla til að kynna sitt innra mat.

Einn þátttakandi sagði: „ég hef áttað mig á því hvað það er mikilvægt að meta reglulega, við komum á teymi í leikskólanum sem hefur hist reglulega og við metum fleiri þætti og oft en við gerðum áður“.

Stjórnandi sagði: „Þetta hefur verið áhugaverð fræðsla og gott að tala við kollegana sem eru margir hverjir í svipuðum sporum“.

Þátttakendum fannst þeir vera öruggari með um hvað innra mat snýst. Þeim fannst hugmyndir sem komu frá stjórnendum í Borganesi og Selfossi hafa og munu nýtast vel og vera gott veganesti í áframhaldandi vinnu í að gera gott starf enn betra.

Það sem þátttakendum fannst helst þurfa að bæta var að auka þátttöku foreldra í matinu og einnig barna. Þeim fannst þeir hafa fengið margar hugmyndir til að vinna betur með varðandi þátttöku þessara aðila. Eða eins og einn stjórnandi sagði: „Við megum taka okkur á í að vera með foreldra með í matinu og einnig mættum við vera duglegri í að leyfa börnunum að meta“. Fram kom að mikilvægt væri að fara yfir starfsáætlunina strax á fyrsta skipulagsdegi að hausti með öllum starfsmönnum.

## Hvaða vangaveltur brenna á mér?

Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið og þökkðu fyrir sig. Einn stjórnandi sagði: „Hvernig hægt er að leysa flækju dagsins hverju sinni“. Annar sagði: „Bara þakklæti“.

## Hvað hefði ég viljað vita meira um?

Fram kom að tímasetning verkefnisins hafi ekki verið góð í ljósi erfiðleika sem ganga yfir í leikskólum og hversu erfiðlega gengur að manna þá. „Það hefði kannski verið ákjósanlegt að fá leiðbeinandann til sín í tvö skipti á vinnufund, líkt og gert hefur verið í innra mati í grunnskólunum í Austur“ sagði einn þátttakandi. Annar sagðist hafa fengið mikið út úr námskeiðinu og fer áfram inn í starfið með enn frekari þekkingu.

## Ráðstöfun styrks

Leiga á Húsnæði og veitingar á fundum .....	642.000 kr
Laun Anna Magnea Hreinsdóttir .....	230.000 kr
Laun Kristín Gísladóttir .....	120.000 kr
Laun Júlíana Tyrfingsdóttir .....	120.000 kr
Laun Elín Friðriksdóttir .....	120.000 kr
Samtals.....	1.232.000 kr

## Kynning á verkefni

Miðlun verkefnisins fer vonandi fram á starfsmannafundum í leikskólunum sem tóku þátt í verkefninu. Jafnframt er áætlað að skrifa ritrýnda grein um verkefnið og framgang þess í ritrýndu tímariti. Verkefnið verður kynnt á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun Upp úr hjólförum – ráðstefna í Helgafellsskóla 11. ágúst 2023 og á Menntakviku haustið 2023.

19. maí 2023

Anna Magnea Hreinsdóttir

[amh@hi.is](mailto:amh@hi.is)

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla, 2011/2011

American Evaluation Association. (2004). *American Evaluation Association guidelines for evaluators*. <http://www.eval.org/GPTraining/GP%20Training%20Final/gp.principles.pdf>

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). *Af því að við erum börn*. Doktorsritgerð. Háskóli Íslands

Anna Magnea Hreinsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2012) Lýðræðislegt samræðumat: Innra mat á starfi fjögurra leikskóla. *Uppeldi og menntun*, 21(1), 53–72.

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald nr. 893/2009.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2014). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólustarfs*. Höfundur.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.